

Reykjavík, 7. mars 2018

VEL2018030004

327. fundur

RÁ/kg

Tilvísun: R18020251

Lagt fyrir fund velferðarráðs 5. apríl 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Tillaga Regínu Grétu Pálsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16 – 18 ára í framhaldsskólum.*

Forsaga:

Á fundi borgarstjórnar 27. febrúar 2018 var samþykkt að vísa neðangreindri tillögu frá Regínu Grétu Pálsdóttur í ungmennaráði Kjalarness til meðferðar velferðarráðs.

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera námsgögn reykvískra 16–18 ára nemenda í framhaldsskólum gjaldfrjáls frá og með haustönn árið 2018“.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs

Greinargerð: Velferðarsvið Reykjavíkur telur að mikið framfaraskref hafi verið tekin með þeirri ákvörðun borgarstjórnar að frá haustinu 2018 verði námsgögn og ritföng gjaldfrjáls fyrir grunnskólabörn í Reykjavík enda stuðlar slíkt að auknum jöfnuði meðal barna í borginni.

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er heimilt að veita námsstyrki til einstaklinga 18 ára og eldri sem á þurfa að halda og þannig er stuðlað að auknum tækifærum til menntunar. Í 18. gr. e – lið segir:

„Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við tekjulága foreldra sem átt hafa í langvarandi félagslegum erfiðleikum.

Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.“

Með þessum hætti er tækifæri til að mæta þeim hópi ungmenna sem er í mestri þörf fyrir aðstoð og þurfa stuðning til að stunda nám í framhaldsskóla.

Rekstur framhaldsskóla er á ábyrgð ríkisins og því þykir rétt að sú ákvörðun að gera námsgögn og ritföng gjaldfrjáls fyrir 16 -18 ára nemendur í framhaldsskólum liggja hjá ríkinu. Færa má rök fyrir því að gjaldfrjáls námsgögn og ritföng til allra barna, þar til sjálfræði er náð, stuðli að auknum jöfnuði.